


Ársskýrsla Festu 2021



Efnisyfirlit

● United Nations Global Compact	3
● Ávarp stjórnarformanns	4
● Ávarp framkvæmdastjóra	6
● Samfélag Festu – skjáskot	8
● Verkefni Festu	9
● Viðburðir og fræðsla	21
● Miðlun	36
● Innra starf	39
● Aðildarfélög Festu í lok árs	53
● Ársreikningur 2021	56

Statement from the Managing Director and the Board

To our stakeholder and the Secretary General of the United Nations, Mr António Guterres




This annual report outlines the main activities of Festa – Center for Corporate Social Responsibility in the year 2021. This report is also a communication of engagement about our commitment to the United Nations Global Compact (UNGC) for the years 2020 and 2021. We hereby confirm our intention to work in accordance with the ten principles of the UNGC on social responsibility and present our alignment and support to these principles to our associated members,

stakeholders and the public.

Festa has a mandate to advance the SDG's in Iceland and around the world, help mainstream sustainability in public and private organisations, their economic models, value chain and operations. Festa facilitates the transformation to a circular, regenerative and low carbon economy. Festa's future vision is for Icelandic companies and organizations to be socially responsible agents of sustainability.


We hereby declare our ongoing support to the UNGC and the SDG's. Festa upholds transparency in all our actions, strategy and planning and this annual report reflects that.

Festa will share this information with the NGO's stakeholders and welcome any feedback on the content of this report.




Hrunn Gunnsteindóttir, Managing Director


Board of Directors:




Erla Tuggvadóttir




Jónas R. Pálsson




Jón Þorláksson



Auðkeldur Sveinsson



Þórunn Magnúsdóttir



Hrefna Sigurðardóttir

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2021 var að vanda viðburðaríkt í starfi Festu. Á dagskrá voru fjölmargir viðburðir, ráðstefnur, tengslafundir, þátttaka í fjölmiðaumfjöllun og útgáfustarfsemi svo dæmi séu nefnd. Festa býður aðildarfélögum á fjölbreytta og spennandi viðburði og stendur líka fyrir mörgum opnum viðburðum.

Meðbyr sem skiptir máli

Nú er góður meðbyr með sjálfbærnimálum. Þau mál eru mikið í deiglu í aðdraganda sveitastjórnakosninga eins og í aðdraganda kosninga til Alþingis í fyrra og þessi mál fá nú meiri athygli hjá stjórnvöldum og á Alþingi en áður. Auk þess hefur áhersla aukist á sjálfbæran rekstur fyrirtækja og ábyrgar fjárfestingar. Sjálfbærnistefnur og skýrslur fyrirtækja fá nú meiri fókus og það er meira um ráðningu og þjálfun starfsfólks á sviði sjálfbærni. Þá má sjá sífellt fleiri fréttir af fyrirtækjum sem virkja viðskiptatækifæri tengd sjálfbærni og ábyrgum rekstri.



Stórar áskoranir, ekki annað í boði en að mæta þeim

Við okkur öllum blasa stórar áskoranir og við höfum fengið sterkar brýningar til aðgerða og breytinga varðandi það með hvaða hætti vörur eru framleiddar og þjónusta veitt. Þau hagkerfi sem við byggjum velsæld okkar á eru því miður grundvölluð á ósjálfbærum forsendum sem standast ekki til langrar framtíðar. Með því erum við að taka yfirdráttarlán hjá komandi kynslóðum án þess að hafa áform um það hvernig skuldin verður greidd. Sú áskorun var rædd með lausnamiðum hætti á Janúarráðstefnu Festu. Um þetta vitna ýmis sterk varnaðarorð sem komu meðal annars fram í aðdraganda og á Loftslagsfundar Sameinuðu þjóðanna, COP26 í Glasgow í nóvember 2021. Það hefur einnig verið útskýrt fyrir okkur með ítarlegum og rökstuddum hætti í skýrslum IPCC „[The Intergovernmental Panel on Climate Change](#)“ með hvaða hætti stór landsvæði, hafsvæði og samfélög eiga undir högg að sækja vegna hamfarahlýnunar sem og ósjálfbærrar nýtingar jarðgæða og annarra náttúruauðlinda, með þeim hætti að það mun hafa áhrif á alla jarðabúa í nánustu og fjarlægri framtíð. En, og það er stórt „EN“, - IPCC og fleiri málsmetandi aðilar hafa bent okkur á skýrar leiðir til árangursríkra viðbragða og vísað á arðbærar leiðir til að draga úr skaðanum og stýra okkur aftur á rétta braut.

Gott samstarf er lykillinn að ávinningi

Að snúa þróuninni í rétta átt krefst alþjóðlegs samstarfs, samstarfs þvert á atvinnugreinar, starfsstéttir, hagsmunasamtök, stjórnmálaflokka sem og lipurs samspils hins opinberra, fyrirtækja, fjárfesta og neytenda.

Við þurfum að takast á við áskoranir hringrásarhagkerfisins, sjálfbærrar framleiðslu, sjálfbærrar neyslu, samfélagslegan jöfnuð, ábyrga auðlindanýtingu og sanngjörn umskipti sem þessum hræringum fylgir, svo nokkur stór dæmi séu nefnd.

Kraftur Festu

Hér á Festa brýnt erindi við aðildarfélög sín, stjórnvöld, almenning, fjárfesta, fyrirtæki og aðra hagaðila. Festa stendur nú á tímamótum. Aðildarfélögum hefur fjölgað hratt undanfarið og eru þegar þetta er ritað 173. Fyrirtæki, stofnanir og önnur félög af öllum stærðum og gerðum sem mynda öflugt hagaðilasamfélag. Hér eru tækifæri til að gera betur. Á Ísland eru yfir tuttugu þúsund fyrirtæki. Við viljum ná til fleiri aðila og auka þannig slagkraft í fræðslu, efla umræðu og byggja brýr milli þeirra fjölmörgu aðila sem vilja og þurfa að vinna að sjálfbæru hagkerfi. Þannig getum við stutt enn betur við aðildarfélög Festu og við þau brýnu og arðsömu verkefni sem á borðinu liggja. Framtíðarsýn mín og vonandi sem flestra aðildarfélaga Festu er hins vegar sú að samtök eins og Festa verði óþörf í framtíðinni. Að sjálfbær viðskiptamódel og ábyrgur rekstur verði svo sjálfsagður og almennur að ekki sé þörf á sérstökum samtökum til að vinna þeim málum framgang. Áður en að því kemur er hins vegar mikið verk óunnið og þar er Festa aðildarfélögum sínum mikilvægur bandamaður.

Ég vil þakka aðildarfélögum Festu, fjölmörgum samstarfsaðilum, stjórn og síðast en ekki síst starfsfólki félagsins frábært samstarf á liðnu ári. Þar fer hópur sem getur unnið þessum brýnu viðfangsefnum félagsins framgang.

Með kveðju,

Tómas Njáll Möller, formaður Festu

Ávarp framkvæmdastjóra

Við útgáfu þessarar áttundu ársskýrslu Festu stendur Festa á tímamótum. Við höfum stækkað hratt og þurfum að efla innri starfsemi til þess að geta staðið undir væntingum og eflt aðlögunarhæfni okkar þegar kemur að róttækum breytingum í vistkerfum jarðar sem og lögum, reglum og viðskiptamódelum á vettvangi Evrópu og alþjóðlega. Það er einstaklega gefandi að líta á afrakstur Festu árið 2021. Líkt og árið 2020 var metaðsókn í Festu eða 33 ný aðildarfélög. Við skoruðum nánast fullt hús stiga þegar kemur að ánægju með störfingum og um 11.000 gestir sóttu þær þrjár ráðstefnur sem við stöndum fyrir, sem þykir gott fyrir heilu álfurnar. Janúarráðstefnunni var streymt og á viku höfðu 8000 manns horft. Þetta er ekki bara merki um mikinn áhuga á sjálfbærni, heldur líka um árangur þess að Festa leggur áherslu á skýr skilaboð og sjálfbærni á mannamáli. Þá leiddi Festa saman fulltrúa stærstu endurskoðenda- og ráðgjafa fyrirtækja hérlendis, Félags löggiltra endurskoðenda og fulltrúa fyrirtækja til að stilla saman strengi þegar kemur að því að miðla breyttum kröfum um upplýsingagjöf fyrirtækja, lög og reglur sem munu hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á allra næstu misserum.




Við héldum tvær vinnustofur og fimm tengslafundi fyrir aðildarfélög sem 274 gestir sóttu. Festa gaf út heildstæðan fræðslupakka um loftslagsmál, stefnumótun, aðgerðir og mælingar sem hægt er að sækja af heimasíðunni okkar og er öllum opin. Þrjátíu og eitt fyrirtæki og stofnanir skrifuðu undir Loftslagsyfirlýsingu á árinu, 11 í Reykjavík og 20 á Höfn í Hornafirði, og eru þátttakendur um allt land þá komnir í 167. Tæplega 39.000 heimsóknir voru á heimasíðu Festu, sem er 35% aukning milli ára. Við gáfum út 8 fréttabréf og fylgjendur á samfélagsmiðlum fóru hátt í 6000. Á árinu hleyptum við úr hlaði Aðilda-verkefni Festu, sem er *fellowship* verkefni að erlendri fyrirmynd, þar sem 10 einstaklingum, sprotum og sjálfbærni-frumkvöðlum var boðin aðild að Festu í 1 ár. Markmið Festu með þessu er að byggja upp leiðtogafærni, þekkingu og farveg fyrir hugvit og framsýni sérstaklega meðal yngri kynslóðarinnar. Sjö leiðtogaspjöll með fjórtán leiðtogum hérlendis og erlendis voru skipulögð fyrir Aðildi og stjórn.

Þau tímamót sem Festa stendur á felast í því að aðlaga tekjumódel Festu að starfseminni, sem m.a. felst í fjölgun starfsgilda. Árið 2011 samanstóð Festa af sex fyrirtækjum sem stofnuðu samtökin og þá voru tvö starfsgildi. Í lok árs 2021 voru þau orðin 164 og starfsgildi Festu voru ennþá bara tvö. Það er full ástæða til bjartsýni um að þetta náist, enda aðildarfélög Festu leiðandi á sviði sjálfbærni og hafa fullan skilning á mikilvægi þess að aukinn slagkraftur sé settur í starf Festu, sem hefur það að leiðarljósi að stuðla að sjálfbærni viðskiptalífi og samfélagi.

Kær kveðja,

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu



Samfélag Festu – skjáskot



164 aðildarfélög



33 ný aðildarfélög



**97% ánægja með
störf Festu skv.
þjónustukönnun**



**3 ráðstefnur
11.000 gestir**



**3 útgáfur
1 handbók
2 myndbönd**



**Aðildi Festu
10 einstaklingar og
sportar**



**2 námskeið og
vinnustofur
91 þátttakendur**



**Leiðtogaspjöll
með Aðildum**



**31 fyrirtæki
undirrituðu
Loftlagsyfirlýsingu**



**8 fréttabréf
1600 lesendur**



**38.908 heimsóknir
á heimasíðu
35% aukning milli ára**



**5.531 fylgjendur á
samfélagsmiðlum**



Verkefni Festu

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna lita allt starf Festu og tengja saman gildi og starfsemi félagsins

Festa leggur sig fram við að tengja alla viðburði og verkefni markvisst og sýnilega við heimsmarkmiðin. Á heimasíðu félagsins eru [upplýsingar](#) um ólík tól og tæki sem snúa að innleiðingu markmiðanna í rekstur og stefnumótun.

Í samvinnu við Mannvit bauð félagið aðildarfélögum sínum til tveggja daga námskeiðs þar sem farið var í innleiðingarferli sem snýr að heimsmarkmiðunum og rekstri. Námskeiðið var afar vel sótt og þar komu saman ólík fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og lögðu drög að því hvernig þau geta unnið að framgangi heimsmarkmiðanna innan síns viðskiptamódelis og reksturs. Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærni verkfræðingur hjá Mannviti sá um kennslu.



Á árinu hélt Festa áfram formlegu samstarfi við Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin. Hluti af samstarfi ársins var útgáfa [Verkfærakistu fyrirtækja um innleiðingu heimsmarkmiðanna](#). Verkfærakistan var gefin út af forsætisráðuneytinu, en það var Fanney Karlsdóttir, sjálfbærni ráðgjafi og fyrrum formaður Festu, sem setti hana saman og ritstýrði. Festa tók virkan þátt í útgáfunni, veitti ráðgjöf um efnistösk og kynnti hana á sínum vettvangi.

Í lok árs 2020 hóf Festa vinnu að þróunarverkefni (e. pilot activity) sem er tengt framgangi heimsmarkmiðanna. Verkefnið ber heitið [17 herbergi](#) (e. 17 Rooms) og er hannað af [The Center for Sustainable Development](#) hjá Brookings Institution í samvinnu við The Rockefeller Foundation. Festa tekur þar virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um verkefnið sem kallast á ensku *Community of Practice*.

Í október 2021 bauð Festa, í samstarfi við verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin, fjölbreyttum hópnum hagaðila til tveggja vinnustofa þar sem hópurinn hóf samtalið um aðgerðir tengdar heimsmarkmiðum 12 og 13 og þróun í átt að hringrásarhagkerfinu. Mikil vinna var lögð í að ná saman öflugum og fjölbreyttum hóp þar sem saman voru komnir fulltrúar fyrirtækja, ráðuneyti og opinbera stofnanna, félagasamtaka, háskóla og ungmenna. Þarna fór fram magnað samtali milli þessara ólíku aðila um sameiginleg markmið sem snúa að framgangi heimsmarkmiðanna og betri heim fyrir alla.

Festa fékk sérfræðingana Raket Evu Sævarsdóttur og Björgvin Sævarsson til að leiða vinnustofurnar. Þeirra framlag og fagmennska var ómetanleg fyrir verkefnið. Festa mun halda áfram að vinna að hugsjón 17 herbergja á næstu misserum og er hluti af þeirri vinnu að gefa út leiðarvísi í íslenskrri þýðingu sem gagnast þeim sem hafa áhuga á að setja upp vinnustofur í anda 17 herbergja.



Festa tók þátt í [Hvatningarverðlaunum jafnréttismála](#) með því að skipa fulltrúa félagsins í dómnefnd auk þess að styðja við miðlun um verkefnið til aðildarféлага sinna. Fulltrúi Festu í ár var Ingibjörg Ólafsdóttir sem situr í stjórn Festu. Í ár voru það Vörður og Samkaup sem hlutu verðlaunin.



Festa hefur verið samstarfsaðili samfélagshraðalsins Snjallræði frá upphafi og taka stjórnarmeðlimir og starfsfólk þar árlega þátt sem mentorar.

Loftslagsverkefni

Á árinu 2020 hlaut Festa styrk úr Loftslagssjóði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til útgáfu heildstæðs fræðslupakka um stefnur og aðgerðir í loftslagsmálum og hvernig má mæla og birta árangurinn. Fræðsluefnið var unnið í samstarfi við hóp sérfræðinga og var afraksturinn kynntur á fyrri hluta ársins 2021. Fræðslupakkinn er þrískiptur: handbók um innleiðingu loftslagsstefnu; fræðslumyndband um reynsluna af því að taka þátt í Loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar; og kennslumyndband um notkun Loftslagsmælis Festu (sjá nánar aftast í skýrslunni). Nálgast má mælinn og ítarlegt kennslumyndband um notkun hans á climatepulse.is.



Loftslagsmæli Festu er uppfærður árlega af sérfræðingahópi á vegum Festu og Reykjavíkurborgar. Uppfærsla var gerð bæði á vefútgáfu mælisins og mælinum í ítarlegra Excel skjali, hvort tveggja aðgengileg á heimasíðu Festu.

Loftslagsyfirlýsing Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Í upphafi árs var Loftslagsyfirlýsing Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar undirrituð af [20 fyrirtækjum og stofnunum](#) við hátíðlega athöfn þann 26. febrúar. Þátttakendum var síðar á árinu boðið til vinnustofu sem sneri að því að setja sér loftslagsstefnu og mæla kolefnisspor af rekstri og kynnt voru þau tæki og tól sem Festa býður upp á í þeirri vegferð.



.... til að svo geti orðið þurfa fyrirtæki að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Þess vegna höfum við ákveðið að vinna með Festu í því að fá stuðning og fræðslu með það að markmiði að sveitarfélagið geti orðið kolefnishlutlaust á allra næstu árum.
– **Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar**

Fjölbreytt samstarf

Festa bauð, ásamt Grænvang, Rannís og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til *Loftslagsmóts*, en þetta var annað árið sem mótið fór fram. Á Loftslagsmóttinu er þátttakendum boðið að bóka sig á örfundi þar sem miðað er því að para saman áskoranir og lausnir á vettvangi loftslagsmála. Viðburðurinn var að fullu rafrænn og fóru þar fram yfir 100 örfundir.

Kapphlaup að kolefnishlutleysi, fór fram seinni hluta árs en viðburðurinn var haldinn í samstarfi við breska sendiráðið, Samtök iðnaðarins, Grænvang, Bresk-íslenska viðskiptaráðið og Reykjavíkurborg. Viðburðurinn var hluti af alþjóðlegu átaki, Race to Zero, og var lagt upp með að fræða og undirbúa gesti og áhorfendur um það sem vænta mátti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP 26. Þarna komu fulltrúar frá íslenskum og breskum fyrirtækjum ásamt hagsmunaaðilum og fluttu erindi. Fundurinn var þéttsetinn en honum var einnig streymt á fréttasíðum fjölmiðla.

Félagið átti aðkomu að fjölda viðburða um loftslagsmálefni í samstarfi við aðra aðila. Auk þeirra sem þegar er getið ber að nefna árlegan Loftslagsfund Festu og Reykjavíkurborgar, og fund um loftslagsáhættu í rekstri sem haldinn var í samstarfi við Marel og Íslandsbanka (sjá nánari umfjöllun síðar í skýrslunni).

Árið 2015 hófst samstarf Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál og var því haldið áfram á árinu. Stjórn og starfsfólk Festu héldu í upphafi sumars vinnufund með borgarstjóra og hans teymi í Höfða þar sem farið var yfir árangur og næstu skref verkefnisins.

Festa tilnefnir fulltrúa í Loftslagsráð stjórnvalda og er Aðalheiður Snæbjarnardóttir fulltrúi Festu.



Fræðslupakki Festu

Festa gaf út heildstæðan fræðslupakka um loftslagsmál á árinu sem var gefinn út með styrk frá Loftslagssjóði. Allt efni fræðslupakkans er aðgengilegt öllum án endurgjalds. Félagið fékk til liðs við sig hóp sérfræðinga frá aðildarfélögum sem tóku þátt í að ná utan um og skapa aðgengilegt og hvetjandi efni. Þar fóru fremst í flokki Snjólaug Ólafsdóttir, Sævar Helgi Bragason auk hönnunarteymis frá Kolofon og framleiðsluteymis frá Sahara.


Fræðslupakkinn:

Kennslumyndband þar sem Sævar Helgi leiðir notanda skref fyrir skref í gegnum notkun á Loftslagsmæli Festu. Hvaða gögn þurfa að vera til staðar til að mæla kolefnisspor í rekstri og hvar má nálgast þau?

Fræðslumyndband þar sem Festa fékk til liðs við sig sérfræðinga frá fimm ólíkum aðildarfélögum sínum sem lýsa með örfáum orðum sinni vegferð þegar kemur að því að setja sér stefnu í loftslagsmálum. Þau lýsa þar hvaða leiðir þau hafa farið þegar kemur að því að mæla kolefnisfótspor og svara spurningum á borð við: Af hverju er mikilvægt að mæla? Hvernig má draga úr kolefnissporinu? og Hvar byrjum við?

Handbók fyrir smærri fyrirtæki þar sem tekin er fyrir stefnumótun í loftslagsmálum og mælingar á kolefnisspori. Hnitmiðuð handbók sem er einföld í notkun og leiðir lesandann í gegnum fyrstu skrefin, hverju þarf að huga að, hvað ber að varast og hvað tæki og tól geta komið að gagni. Allt sem þarf til að setja sér markvissa og heildstæða stefnu í loftslagsmálum og byrja markvisst að draga úr losun.

Fræðslupakkinn og Loftslagsmælir Festu er opin öllum án endurgjalds. Efnið má nálgast á heimasíðu Festu og hefur félagið markvisst deilt því og miðlað til hagaðila sinna og á viðburðum félagsins.





Hringrásarhagkerfið

Festa setti hringrásarhagkerfið á dagskrá í upphafi árs 2019 og hefur unnið markvisst að því að auðvelda innleiðingu þess í íslenskt samfélag, með fræðslu og samstarfi hérlendis og erlendis

Á árinu tók Festa þátt í að hefja samtal milli þeirra sem vinna markvisst að innleiðingu hringrásarhagkerfisins í íslenskt samfélag, en Sjávarklasinn leiðir hópinn. Icelandic Startup og Ferðaklasinn tóku á árinu einnig að sér að bjóða hópnum til funda.

Í samstarfi við Norræna húsið og Grænvang bauð Festa til viðburðar um hringrásarhagkerfi sem var hluti af dagskránni Fundur fólksins. Fundurinn bar yfirskriftina: *Hringrásarhagkerfið – hlutverk okkar í að minnka sóun* og þar komu að ólík aðildarfélög Festu, nýsköpunar, sprota og Nordic Innovation og ræddu hringrásarlausnir sem og deildu reynslu sinni.

Stjórn og starfsfólk Festu tók að sér hlutverk mentora í hringrásarhraðlinum Hringiða.

Festa er hluti af stýrihóp og einn af stofnendum [Nordic Circular Hotspot](#) (NCH) samtökum sem eru þróuð áfram í nánú samstarfi við Nordic Innovation. Markmið Festu með þátttökunni í NCH er að veita aðildarfélögum Festu greiðan aðgang að fræðslu og þekkingu ásamt því að greiða leiðir þeirra að markvissu samstarfi um hringrásarhagkerfið á Norðurlöndum.

Á árinu stóð NCH fyrir fjölda viðburða og þá fór fram í annað skiptið árleg ráðstefna samtakanna, Nordic Circular Summit sem má lesa nánar um aftar í skýrslunni. Á árinu var opnað fyrir rafrænan gagnagrunn, Nordic Circular Arena, þar sem fyrirtæki og einstaklingar fá tækifæri til að tengjast og mynda „hringrásarvistkerfi“ með norrænum aðilum á sömu vegferð. Þar má þá einnig kynna hringrásarverkefni og viðburði. Þátttakendur þar nálgast nú eitt þúsund.

Nordic Circular Hotspot er stýrt af fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum og hafa samtökin hlotið styrk frá Nordic Innovation út árið 2022.



Lög, reglur og fjárfestingar

[Árið 2020 undirrituðu](#) forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og aðilar sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði „Viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar“. Festa, Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), Landssamtök lífeyrissjóða (LL) og forsætisráðuneytið unnu að mótun yfirlýsingarinnar í viðtæku samráði við fulltrúa helstu aðila á fjármálamarkaði. Festa hefur frá undirritun fylgt yfirlýsingunni eftir með fræðslu og mun halda þeirri vegferð áfram næstu misseri.

Miklar breytingar eru í vændum þegar kemur að lögum og reglum um upplýsingagjöf í rekstri og fjárfestingum í Evrópu og á alþjóðavettvangi. Þessar breytingar munu hafa gífurlega áhrif á íslensk fyrirtæki, rekstur og fjárfestingar.

Festa hefur staðið fyrir viðburðum, birt greinar, komið að og stofnað til samstarfs milli þeirra sem tengjast málefnum, unnið með ólíkum hagaðilum að því að fræða og undirbúa íslenskt atvinnulíf.




Í samstarfi við Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) stóð Festa fyrir viðburði með yfirskriftinni: [Ör þróun í heimi upplýsingajafar/staðfestingar á sjálfbærni í rekstri](#). Þar tóku til máls og deildu þekkingu sinni sérfræðingar frá endurskoðunar-fyrirtækjum og ráðuneytum ásamt fulltrúum frá fjárfestingarsjóðum og bönkum. Fundurinn var rafrænn og var mjög vel sóttur.

Aðildi



Með [Aðildi](#) kynnir Festa til leiks hugmyndafræði *fellowship*, þar sem framúrskarandi einstaklingar eru valdir úr hópi umsækjenda til þess að læra af hverjum öðrum og aðildarfélögum Festu. Þannig gefst þeim færi á að efla leiðtogahtutverk sitt og hraða þekkingarsköpun á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Í upphafi árs 2021 kom saman fyrsti hópur Aðilda og tók hópurinn þátt í starfi Festu út árið.

Í lok árs var opnað fyrir umsóknir fyrir árið 2022 en Aðildi 2022 er unnið í samstarfi við Össur.



Aðildi felur í sér aðild að Festu í eitt ár. Hópur síðasta árs samanstóð af tíu fulltrúum sprota-, nýsköpunar- og hönnunarfyrirtækja, einstaklingum sem vinna markvisst og af eldmóð að sjálfbærni. Aðildi 2021 var kynnt í samstarfi við Samtök sprotafyrirtækja, Icelandic Startup og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Festa bauð Aðildum 2021 reglulega til lokaðra funda, *Leiðtogaspjalls*, þar sem tækifæri gafst á samtali við leiðtoga á sviði sjálfbærni. Leiðtogarnir, innlendir og erlendir, komu úr afar ólíkum geirum og deildu reynslu sinni og innsýn. Fundirnir voru sjö talsins og á hverjum fundi komu tveir leiðtogar og sögðu frá vegferð sinni, deildu innsýn og reynslu.

Leiðtogaspjall Aðilda 2021:

Sæmundur Sæmundsson. frkvstj. Eflu,, Sigurlína Ingvarsdóttir yfirframleiðandi hjá Bonfire Studios, Andri Snær Magnason, rithöfundur, Hrefna Sigurfinnsdóttir frkvstj. Creditinfo, Óttar Proppé fyrrv. ráðherra, Emma Sky CEO Yale World Fellows, Regína Bjarnadóttir frkvstj. Aurora Foundations, Halldór Þorgeirsson formaður Loftslagsráðs, Gréta María Grétarsdóttir frkvstj. Arctic Adventure, John Dutton Head of Uplink at World Economic Forum, Soulaime Gourani CEO Happioh, Berglind Rán Ólafsdóttir frkvstj. ON, Stefanía Guðrún Halldórsdóttir frkvstj. Eyrir Venture Management og Hjálmar Gíslason frkvstj. GRID

Hvar byrja ég?

Leiðarvísir

Á heimasíðu Festu er aðgengileg verkfærakista sem kallast leiðarvísir. Þarna má nálgast markvissa fræðslu og einskona bókasafn um sjálfbærni í rekstri og er hann uppfærður reglulega. [Leiðarvísir Festu](#) er einn af hornsteinunum í fræðslustarfi Festu.

Leiðarvísirinn er gullkista fyrir þá sem vilja tileinka sér sjálfbæran rekstur.

Kistuna uppfærir Festa reglulega og setur inn efni sem er efst á baugi hverju sinni. Leiðarvísir Festu fær flestar heimsóknir árlega á heimasíðu félagsins.



Viðburðir og fræðsla

Viðburðir

Janúarráðstefna Festu, Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar og Nordic Circular Summit, voru stærstu viðburðir ársins, en þeir fóru allir fram á rafrænum vettvangi og samtals sóttu þá rúmlega 11 þúsund manns

Tvær vinnustofur fóru fram á árinu sem sneru báðar að innleiðingu heimsmarkmiðanna. Boðið var til þriggja deiglufunda þar sem tekin voru fyrir ólík málefni: loftslagsáhætta í rekstri, ungt fólk og sjálfbærni og skýrsluskrif. Félagið kom að þremur stærri viðburðum í samstarfi við aðra og haldnir voru fimm fjölmennir tengslafundir en Festu kom einnig að fjölda annarra fræðsluviðburða á einn eða annan hátt.

Stjórn og starfsfólk taka reglulega að sér að flytja erindi við háskólana og aðrar menntastofnanir ásamt því að taka þátt í fræðslu hjá ólíkum félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum bæði hérlandis og erlendis. Stjórn og starfsfólk Festu er afar stolt og þakklátt af því trausti sem því er sýnt í samstarfi við ólíka hagaðila í íslensku samfélagi.

Þrjár ráðstefnur

Þrjú hvatningarverðlaun

Tvönámskeið/vinnustofur

Aðalfundur

Þrjár deiglufundir

Þrjár útgáfur á fræðsluefni

Loftslagsmót

Fimm fjölmennir tengslafundir

Þrjár opnir viðburðir

Yfir 11.000 áhorfendur og þátttakendur





Janúarráðstefna Festu 2021

Nýtt upphaf – The Great Reset

Janúarráðstefna Festu heldur áfram að vera stærsti íslenski viðburður ársins á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Ráðstefnan 2021 fór fram á netinu og var þar opin öllum í fyrsta sinn. **Viku eftir ráðstefnuna höfðu rúmlega 8000 horft á ráðstefnuna.**

Á ráðstefnunni var þeim tímamótum fagnað að þá voru liðin tíu ár frá stofnun Festu. Tómas N. Möller, formaður stjórnar, og Hrund Gunnsteinsdóttir framkvæmdastjóri, fóru yfir síðustu tíu ár og rýndu til næstu tíu ára í sínum erindum.


Yfirskrift Janúarráðstefnu Festu *Nýtt upphaf – The Great Reset* var jafnframt heiti á átaki World Economic Forum, þar sem áhersla var lögð á sjálfbæra uppbyggingu samfélaga og alþjóðasamstarfs í kjölfar heimsfaraldursins. Á ráðstefnunni veltum við vöngum yfir hvað *Nýtt upphaf* felur í sér fyrir íslenskt samfélag. Skilaboðin voru að nú væri einstakt tækifæri til að hefja *Nýtt upphaf*, en það væri ekki gefið heldur ættum við að grípa það. Skýrt var að tíminn væri knappur.

Alþjóðlegir leiðtogar á sviði sjálfbærni tóku til máls á ráðstefnunni: Halla Tómasdóttir, Nichole Schwab, Michela Wucker, Sasja Beslik og John McArthur. Að loknum erindum tóku við panelumræður sem Hrund Gunnsteinsdóttir stýrði. Öflugur hópur tók þar þátt, en þau voru: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra, Lilja B. Einarsdóttir bankastjóri Landsbankans, Hjálmar Gíslason framkvæmdastjóri GRID, Árni Oddur Þórðarson forstjóri Marel, Jón L. Árnason framkvæmdastjóri Lífsverk, Hrund Rudolfsdóttir forstjóri Veritas, Birna Einarsdóttir bankastjóri Íslandsbanka, Stefanía Halldórsdóttir fjárfestingarstjóri Eyrir Venture Management og Georg Lúðvíksson forstjóri Meniga.

Forstjórar ættu að þekkja kolefnisspor fyrirtækja sinna jafnvel og þau þekkja EBIDA – Halla Tómasdóttir

Fjögur íslensk fyrirtæki sögðu frá því hvernig þeim gekk að ná hringrásarmarkmiðum sem þau settu sér ári fyrr á Janúarráðstefnu Festu 2020. Þetta voru fyrirtækin Orka náttúrunnar, Pure North, Klappir og Össur. Raket Eva Sævarsdóttir, verkefnastjóri hjá Deloitte, kynnti niðurstöður rannsóknar þar sem leitað var til stjórnenda 300 stærsta fyrirtækja landsins og tekin staðan á grænni vegferð þeirra. Dagskránni var svo lokað með hugvekju frá fulltrúa unga fólksins, Elísabetu H. Brynjarsdóttur verkefnastýru hjá Frú Ragnheiði skaðaminnkunar úrræði Rauða krossins.

Til að gera Festu kleift að hafa ráðstefnuna opna öllum, leitaði félagið til nokkurra aðildarféлага sem veittu styrk og kann Festa þeim bestu þakkir. Það voru: Landabankinn, Íslandsbanki, Vörður, Landsvirkjun ásamt Sænska sendiráðinu á Íslandi. Nánari samantekt af efni ráðstefnunnar má nálgast [hér](#). Upptökur af Janúarráðstefnu Festu 2020 má nálgast á [Youtube rás Festu](#). Til að auka aðgengi að efni ráðstefnunnar voru öll erlend erindi send út með íslenskum texta. Um þýðingar sá Nanna Gunnarsdóttir.



“
Ég hef alltaf verið þeirra skoðunar að fólk og fyrirtæki eigi að vera hreyfiafl til góðs.”
Halla Tómasdóttir
Forstjóri B-Team



“
Það er svo hætt við því að þetta verði bara á yfirborðinu. Það sem fjárfestingarsjóðir þurfa að gera er að styðja öll fyrirtæki í eignasafninu til að til að klára þessa vegferð.”
Stefanía G. Halldórsdóttir
Fjárfestingarstjóri Eyfir
Venture Management

“
I think COVID-19 has reminded us how connected and global we are.”
But also how vulnerable and sensitive to these big pandemic shifts
SASJA BESLIK
Forstjóri sjálfbærra fjárfestinga hjá J. Safra Sarasin Bank



“
Þegar gefur á bátinn örhlitð í hagnaði þá má ekki draga úr nýsköpun.”
Þú verður stöðugt að vera að og hafa þetta í þínu DNA.
ARNI ODDUR ÞÓRDARSSON
Forstjóri Marel



“
It's estimated that \$ 44 Trillion of economic value generation which corresponds to half of the world's GDP is depended on nature and the ecosystems services that the nature provides.
If we loose the capacity of nature to provide these services then all these businesses are at risk.
We are depleting our natural capital at an alarming rate.
Nicole Schwab
Co-Chair of Nature Based Solutions WEFForum

Aðalfyrirlesarar Janúarráðstefnu Festu 2021:

Halla Tómasdóttir, forstjóri B-Team

Nichole Schwab, framkvæmdastjóri Nature Based Solutions, World Economic Forum

Michele Wucker, metsöluhöfundur, forstjóri og stofnandi Gray Rhino & Company

Sasja Beslik, forstjóri sjálfbærra fjárfestinga hjá J. Safra Sarasin Bank

John McArthur, forstjóri miðstöðvar um sjálfbæra þróun hjá Brookings Institution



Loftslagsfundur

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar var haldinn rafrænt í nóvember 2021 og var streymt frá Hörpu.

Að vanda opnaði fulltrúi ungmenna fundinn, en þar tók til máls Egill Ö. Hermannsson, varaformaður Ungra umhverfissinna og lagði í máli sínu ríka áherslu á mikilvægi samstarfs þvert á geira og kynslóðir þegar kemur að loftslagsmálum. Þá tók Guðmundur Ingi Guðbrandsson þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra þátt í dagskrá fundarins, líkt og hann gerði öll þau ár sem hann sinnti því embætti.

Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, og Anna Hulda Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofunni, fluttu erindi sem fylgt var eftir með panelumræðum um markaðinn um kolefnisjöfnun og Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26). Rafn Helgason, ritari Ungra umhverfissinna, og Hulda Þórisdóttir, dósent við Háskóla Íslands, drógu saman það sem hæst bar á fundinum og lögðu línurnar um eftirfylgni.

Landsvirkjun hlaut hina árlegu Loftslagsviðurkenningu en einnig voru veitt sérstök hvatningarverðlaun sem kom í hlut verkefnisins Loftslagsvænn landbúnaður.

Í upphafi fundar undirrituðu forstjórar 11 fyrirtækja Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Þetta er mesti fjöldi fyrirtækja sem bæst hafa við í Reykjavík á einu ári – frá því rúmlega 100 forstjórar undirrituðu yfirlýsinguna árið 2015.

[Nánari umfjöllun og upptökur.](#)

Við þurfum að þetta raðirnar og samþætta með markvissari hætti krafta stjórnvalda, atvinnulífs og almennings Halldór Þorgeirsson formaður Loftslagsráðs





Loftslagsyfirlýsing Festu og Rvkborgar

Undirritun nýrra þátttakenda



Loftslagsfundur Festu og Rvkborgar

Egill Ö.Hermannsson varaformaður UU



Sustainability Reporting and Financing for SMEs

Nordic Circular Summit 2022

The largest event on the circular economy in the Nordic region – hosted from Stockholm!

Join as an event host, speaker or sponsor!
Learn more at nordiccircularsummit.com



“Are the boards of Nordic companies equipped for future business?”

Are they? Join Bjarni Herrera Thorisson during the Nordic Circular Summit to find out

Nordic Circular Hotspot 2021




Nordic Circular Hotspot 2021



12 Managing Partners,
50 Partners, 6 Seasonal
Events, 500 users on
Nordic Circular Arena,
32 Summit Sessions with
150 speakers and 1800
delegates from 81 countries

We look forward to new partnerships, events and initiatives in 2022!



We look forward to new partnerships, events and initiatives in 2022!



NORDIC CIRCULAR SUMMIT

Nordic Circular Summit

Hringrásarráðstefnan [Nordic Circular Summit](#) var haldin í annað sinn á árinu. Ráðstefnan er á vegum Nordic Circular Hotspot og unnin í nánú samstarfi við Nordic Innovation, sem kemur einnig að fjármögnun verkefnisins. Í ár bættust tvö norræn samtök ungmenna í samstarfshópinn; ReGeneration og Cata(c)lyst. Ráðstefnan var send út frá Kaupmannahöfn, en hana sóttu yfir 1800 manns og komu þátttakendur frá 81 landi.

Boðið var upp á 32 ólíka hringrásarviðburði en stýrihópur Nordic Circular Hotspot, sem Festa er hluti af, stýrði viðburðunum ásamt öðrum meðlimum (e. partners) samtakanna.

...the Nordics could reduce emissions from imported materials and products by 20-30 million tons of CO2 per year by taking circularity actions.

Paula Lehtomäki framkvæmdastjóri Norrænu ráðherran.

Festa, ásamt sænska félaginu Cradlenet, stóð fyrir viðburði þar sem tekið var fyrir hlutverk hringrásar þegar það kemur að því að sýna ábyrgð gagnvart notkun á auðlindum jarðar, *The Future of Resource Management*. Virk þátttaka var frá Íslandi á ráðstefnunni. Aðildarfélög Festu Pure North og 66° Norður, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, nýsköpunar- og atvinnumálaráðherra og Hafdís Hanna Ægisdóttir frá Stofnun Sæmundar Fróða um sjálfbæra þróun. Bjarni Herrera, sem einnig er hluti af stýrihópi Nordic Circular Hotspot, stóð fyrir viðburði um sjálfbærar fjárfestingar í samstarfi við Nordic Innovation. Þá áttu Íslendingar fulltrúa í báðum ungmennasamtökunum sem komu að ráðstefnunni, þær Lára Kristínu Þorvaldsdóttur og Sigríði Guðjónsdóttur.

Samantekt og umfjöllun frá Nordic Innovation má nálgast hér - [Nordic Circular Summit 2021: "Collaboration is Key to Circularity" | Nordic Innovation](#)

Different approaches are the key to make circular economy a concrete tool for everyone to combat climate change and demonstrate that circular business models are the business logic for growth.

Hanna Törmanen, Nordic Innovation

Tengslafundir

Á árinu fóru fram fimm tengslafundir en þrjár þeirra fóru fram með rafrænum hætti og tveir í raunheimum. Metmæting var á tengslafundina á árinu, þrátt fyrir að ekki hafi verið mögulegt að halda jafn marga fundi og til stóð vegna samkomutakmarkana. Þessi einstaki vettvangur aðildarfélaga Festu til að hittast og eiga heiðarlegt samtal heldur því áfram að vaxa og dafna.

Tengslafundir Festu eru einungis opnir fyrir aðildarfélög. Þau bjóða heim, kynna áherslur sínar og eiga opið samtal við önnur aðildarfélög um áskoranir, leiðir og tækifæri sem felast í sjálfbærum og samfélagslega ábyrgum rekstri. Innan aðildarfélaga Festu má finna fremstu sérfræðinga landsins í sjálfbærni..



Tengslafundir Festu 2021:

Icelandair Group, Byko, Eimskip, Landsbankinn og 66°Norður

Deiglufundir

Loftslagsáhætta í rekstri

Festa fékk Marel og Íslandsbanka til liðs við sig og bauð til fræðandi deiglufundar þar sem kynnt var hvernig fyrirtæki geta nýtt sér tilmæli *Task Force on Climate-related Financial Disclosure* (TCFD) til að meta og greina rekstraráhættu og tækifæri tengd loftslagsmálum. Auk sérfræðinga frá Marel og Íslandsbanka, tóku þær Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ráðherra og Harpa Theodórsdóttir sérfræðingur frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þátt í fundinum. Fundurinn var öllum opin og tóku yfir 120 manns þátt.



Raddir unga fólksins

Pauline Langbehn, starfsnemi Festu árið 2020, vann hagaðilagreiningu fyrir félagið þar sem leitað var til ungs fólks og þau beðin um að leggja mat á hvað væri mikilvægast að íslensk fyrirtæki hugi að þegar kemur að sjálfbærnivegferðinni. Aðildarfélögum Festu var svo boðið til deiglufundar í upphafi árs þar sem niðurstöðurnar voru kynntar – og nokkur af þeim ungmennum sem komu að greiningunni sátu fyrir svörum. Skýrsluna má nú nálgast á heimasíðu Festu – [hér](#).



Samtal um skýrslur

Í upphafi árs bauð Festa aðildarfélögum sínum til fundar þar sem Aðalheiður Snæbjarnardóttir, úr stjórn Festu, leiddi samtal um sjálfbærnisráðgjafur. Þar var hægt að ræða saman um áskoranir og lausnir.



Loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar
Stjórn og starfsfólk Festu fundar með borgarstjóra í Höfða

Hvatningarverðlaun 2021

Samfélagsskýrsla ársins Verðlaunin hlutu Landsvirkjun og BYKO

Dómnefnd: Tómas N. Möller formaður
dómnefndar, Hulda Steingrímsdóttir og Kjartan
Sigurðsson



Framúrskarandi samfélagsábyrgð

Verðlaunin hlaut BYKO

Dómnefnd: Gréta Guðmundsdóttir formaður
dómnefndar, Jón Geir Pétursson og Erla
Tryggvadóttir

Loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar Verðlaunin hlaut Landsvirkjun Hvatningarverðlaun: Loftslagsvænn landbúnaður

Dómnefnd: Líf Magneudóttir, formaður
dómnefndar, Lára Jóhannsdóttir og Arnar
Másson



Kapphlaup að kolefnishlutleysi

Efri mynd: fyrirlesarar og fundarstjóri – neðri mynd: fundargestir





Miờlun

Miðlun

Netmiðlar

Festa nýtir ólíka miðla til að miðla þekkingu um sjálfbærni, kynna störf sín, auglýsa viðburði Festu og samstarfsaðila.

Festa vaktar umfjöllun um sjálfbærni og samfélagsábyrgð m.a. í gegnum Fjölmiðlavakt Creditinfo. Áhersla er lögð á að miðla umfjöllun um störf aðildarfélaga til almennings sem og umfjöllun um þróun málaflokksins almennt á innlendum og erlendum vettvangi. Þá hefur orðið aukning á fjölda greina sem fulltrúar aðildarfélaga Festu senda frá sér til fjölmiðla um sjálfbærni í rekstri. Festa leggur sig fram við að deila þeim greinum og halda þeim til haga í fréttabréfi og á heimasíðu félagsins. [Hér](#) má nálgast samantekt (ekki tæmandi listi) yfir þær greinar sem aðildarfélög Festu birtu á tímabilinu ágúst – nóvember 2021.

Áfram bætist í þann hóp sem fylgir Festu á samfélagsmiðlum og hefur félagið aldrei náð til jafnmargra í gegnum þá miðla. Þá var Festa nefnd (e. tagged) 4410 sinnum í facebookfærslum annarra notenda skv. fjölmiðlavakt Creditinfo.

Þá voru sex viðburðum, sem Festa kom að, streymt beint á fréttasíðum fjölmiðla.

Á [Youtube rás Festu](#) má nálgast upptökur af viðburðum á vegum félagsins auk fræðslumyndbanda sem félagið hefur látið framleiða.

Fréttabréf

Festa gefur reglulega út fréttabréf og eru rúmlega 1100 manns áskrifendur að því. Reglulega fær Festa til sín gestapenna og þá er lagt upp með að draga saman í áherslur úr nýliðnum viðburðum.

Heimasíða

Á heimasíðu Festu má nálgast upplýsingar um alla viðburði félagsins auk þess sem þar er að finna fréttaskot um ólík verkefni Festu. Á milli árána 2020 og 2021 var 35% aukning á heimsóknnum á heimasíðu Festu.

Heimasíða Festu fékk

38.908 heimsóknir árið 2021 sem er 35% aukning milli ára



Facebook	3680
LinkedIn	850
Instagram	648
Twitter	453

Festa í fjölmiðlum

Fjöldi viðburða og verkefna Festu rötuðu í fjölmiðla á árinu. Þá rituðu starfsfólk og stjórnarmenn greinar sem birtar voru í ólíkum fjölmiðlum.

Samkvæmt fjölmiðlavakt Creditinfo þá birtust á árinu 81 frétt í fjölmiðlum þar sem fjallað var Festu á einn eða annað hátt. Það er um 4% aukning á milli ára.

Sjálfbærar fjárfestingar lykilatriði



Festa stóð fyrir ráðstefnu um samfélagsbygð og sjálfbærni í janúar. Þar var rætt um hvernig má nýta núverandi stöðu til að auka sjálfbæra þróun og tækifærin sem hún býður upp á.

Festa — miðstöð um samfélagsbygð og sjálfbærni eru frjáls félagsamtök með aðeurti í Háskólanum í Reykjavík. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsbygð og sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og skipulagsleidda og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

„Festa var stofnað fyrir 10 árum sem fræðslu- og umræðuvettvangur um samfélagsbygð. Starfsemið hefur svo þróast og vaxið í takt við þróun í þessum málafloki og aukna áherslu á sjálfbærni hjá fyrirtækjum og hinu opinbera,“ segir Tomas Njáll Möller, formaður Festu. „Á sama tíma hafa samtökin verið virkur þátttakandi og leiðandi í þessari þróun, bæði með fræðslustarfermi og með áherslu á að auka samstarf með því að brúa bilið milli ólíkra sjónarmiða og leiða.“

Sjálfbærni í rekstri – beint streymi



Loftslagsyfirlýsing Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar



SKOÐUN

152 ástæður til bjartsýni

SKOÐUN

Við vitum meira en nóg

Nýtt upphaf og nýjar áskoranir



Bein útsending: Kapphlaup að kolefnishlutleysi





Innra starf

Stefnumótun / Stefna



Í kjölfar aðalfundar vann stjórn Festu að árlegri stefnumótun, þar sem framtíðarsýn, hlutverk og gildi félagsins eru rýnd og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Verkefnum er forgangsraðað og stefnan sett fyrir komandi ár. Úr verður framkvæmdaáætlun sem starfsfólk Festu fylgir út árið. Verkefni og hugsjón Festu hafa á síðustu árum

vaxið hratt og fengið sífelld aukið vægi í samfélaginu. Sú vinna sem stjórn og starfsfólk leggur í þegar kemur að því að brýna áherslur og verkefnalista félagsins er því afar dýrmæt.

Festa sinnir hlutverki sínu með þrennum hætti:

**Miðlun
upplýsinga og
þekkingar.**

**Fræðsla,
umræða og
samstarf milli
ólíkra aðila.**

**Hreyfiafl og
leiðarljós sem
stuðlar að
framþróun
og ýtir við
samfélaginu.**



Starfsnemi

Á hausmánuðum fékk Festa til sín Guðbjörgu Láru Mássdóttir sem starfsnema, en Guðbjörg stundaði þá meistaranám í umhverfisstjórnun með sérhæfingu í sjálfbærum matvællakerfum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna í Kosta Ríka (e. University for Peace). Guðbjörg sinnti fjölbreyttum verkefnum fyrir Festu og var m.a. ritstjóri Fréttablaðs Festu. Hún tók að sér greiningarvinnu, skrifaði blaðgreinar og aðstoðaði við verkefnastjórn í heimsmarkmiðaverkefninu 17 herbergi.



Hefjum störf



Festa naut á árinu starfskrafta Maarit Kaipainen, en hún kom að störfum félagsins í gegnum *Hefjum störf* áttak stjórnvalda. Maarit kom til starfa um mitt árið og vann fjölbreytt verkefni fyrir félagið og var hennar framlag mikill slagkraftur fyrir félagið. Hún tók að sér greiningar og gagnasöfnun, skrifaði blaðgreinar, sá um stafræna hönnun fyrir viðburði og sinnti fjölda annarra verka í þágu félagsins.

Festa þakkar þeim Maarit og Guðbjörgu hjartanlega fyrir samstarfið og fyrir þann eldmóð og þá ástríðu sem fylgdi þeim í öllum þeirra verkefnum.

Tengslafundur hjá 66°Norður

Bjarney Harðardóttir eigandi 66°Norður og fundargestir



Aðildi 2021 – upptaka fyrir kynningarmyndband

Magnea Marinósdóttir og Guðjón Bjarnason



Stjórn Festu



Stjórn Festu 2021 – 2022.

Stjórn heimsótti Carbfix á Hellisheiði og kynnti sér starfsemi fyrirtækisins.

Tómas N Möller, formaður
Erla Tryggvadóttir, varaformaður
Ingibjörg Ólafsdóttir
Arnar Másson

Ægir Þórisson
Hrefna Sigríður Briem
Aðalheiður Snæbjarnardóttir
Jón Geir Pétursson

Í apríl 2021 var haldinn aðalfundur félagsins í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Þar voru samþykktar breytingar á samþykktum félagsins– og kosin ný stjórn og formaður. Breytingarnar miðuðu að því að einfalda vinnuferli sem snýr að aðalfundi félagsins auk þess sem samþykkt var að formaður Festu yrði í framtíðinni kosinn til tveggja ára í stað eins árs.

Frá aðalfundi 2020 til 2021 sátu í stjórn Festu: Tómas Möller formaður, Erla Tryggvadóttir varaformaður, Sæmundur Sæmundsson, Hrefna Sigríður Briem, Ingibjörg Ólafsdóttir, Aðalheiður Snæbjarnardóttir, Gunnar Sveinn Magnússon og Gestur Pétursson.

Stjórn Festu hélt tíu fundi stjórnarfundu á starfsárinu. Einn stjórnarfundur var haldinn án starfsfólks félagsins.

Stjórnfélagsins fór í vinnuferð í Grímsnesið vorið 2021, þar sem unnið var að stefnumótun félagsins. Festa kann Landsbankanum sínar bestu þakkir fyrir höfðinglegar móttökur í húsnæði bankans við Álftavatn.

Myndin hér að ofan er tekin þegar stjórn heimsótti starfsstöðvar Carbfix á Hellisheiði og kynnti sér starfsemi fyrirtækisins.

Starfsfólk og aðsetur



Framkvæmdastjóri Festu er Hrund Gunnsteinsdóttir og verkefnastjóri Harpa Júlíusdóttir. Þær eru báðar í fullu starfi hjá félaginu og hafa starfað fyrir Festu frá árinu 2019.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Festa hefur aðsetur í Háskólanum í Reykjavík og hefur haft þar skrifstofur frá stofnun félagsins. Festa kann Háskólanum í Reykjavík allra bestu þakkir fyrir að hýsa skrifstofur Festu og veita félaginu bæði aðstöðu og tækniaðstoð endurgjaldslaust.

Samstarfsaðilar



Festa og Viðskiptaráð Íslands ásamt Stjórnvísí standa að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins. Félögin unnu saman að útgáfu íslenskrar þýðingu á ESG/UFS stöðlum Nasdaq.



Íslenski ferðaklasinn og Festa stofnuðu Ábyrga ferðapjónustu árið 2017 og unnu það verkefni saman. Árið 2020 tók SAF við hlutverki Festu sem framkvæmdaraðili, en Festa er áfram til skrafs og ráðagerða.



Festa á fulltrúa í stjórnnum faghópa á vegum Stjórnvísí. Félögin ásamt Viðskiptaráði Íslands standa að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins.



Síðustu fjögur ár hafa Festa og CreditInfo staðið að hvatningarverðlaununum Framúrskarandi samfélagsábyrgð.



Frá árinu 2015 hafa Festa og Reykjavíkurborg unnið saman að Loftslagsverkefni. Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar, Loftslagsmælir Festu, fræðsla og eftirfylgni, ásamt árlegum Loftslagsfundi falla undir samstarfið.

Festa er einn af stofnaðilum Hvatningarverðlauna jafnréttismála ásamt UN Women á Íslandi. Á árinu 2020 stigu Festa og UN Women frá framkvæmd verkefnisins, en Festa tekur enn þátt í verkefninu með því að skipa fulltrúa félagsins í dómnefnd og með því að hvetja sín



aðildarfélög til þátttöku.

Festa hefur verið peirrar lukku aðnjótandi að starfa með fjölda öflugra samstarfsaðila Starfsfólkog stjórn eru þakklát fyrir gott samstarf og hlakka til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs.

Samstarfsaðilar



Festa á sæti í Loftslagsráði stjórnvalda og tekur virkan þátt í starfi og stefnumótun ráðsins.



Festa kemur að baklandi Grænvangs, samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál, í formi fræðslu og samstarfs um viðburði. Á árinu stóðu félögin saman að Loftslagsmóttinu og viðburðinum Kapphlaup að kolefnishlutleysi.



Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Festa hafa gert með sér samstarfssamning um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Á árinu vann Festa með stjórnvöldum að verkefnastofunni 17 herbergi og komu að útgáfu forsætisráðuneytisins á leiðarvísi fyrirtækja um innleiðingu heimsmarkmiðanna



Festa hefur frá upphafi verið virkur samstarfsaðili Snjallræðis – samfélagshraðals og tekur þar þátt í kynningarstarfi ásamt því að stjórn og starfsfólk tekur að sér hlutverk mentora.

Erlent samstarf



Festa hefur verið þátttakandi í samfélagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, UNGC frá árinu 2012 og starfar að framgangi hans hér á landi.



Festa er aðili að CSR Europe ásamt 40 Evrópuríkjum. Þar tekur félagið þátt í samtali og viðburðum um samfélagsábyrgð.



Festa er einn af stjórnendum og stofnendum norræna hringrásar samstarfsvettvangsins Nordic Circular Hotspot.



Þjónustukönnun meðal aðildarfélaga

97% ánægð með störf Festu, aukning um 5 % stig frá árinu 2020
76% vinna að innleiðingu heimsmarkmiðanna, aukning um 6 % stig frá árinu 2020
83% ánægð með áherslur Festu á hringrásarhagkerfið

„Félagið er sýnilegt og kemur málefnalega fram.“



Ungt fólk og Festa

Frá því snemma árs 2019 hefur Festa lagt sérstaka áherslu að starfa markvisst með ungu fólk. Síðan þá hefur ungt fólk komið að skipulagi, flutt erindi eða kynnt nýstárleg verkefni á nær öllum viðburðum sem Festa hefur haldið. Ávallt er mikil áhersla á að þátttakan sé á forsendum ungmennanna og að leitað sé til samtaka ungmenna um ráðleggingar og tilnefningar.



Á Janúarráðstefnu Festu fengum við hjúkrunarfræðinginn Elísabetu H. Brynjarsdóttur sem þá var verkefnastýra Ungfrú Ragnheiðar, skaðaminnkunarúrræði Rauða krossins, til að flytja hugvekju um náungakærleikann. Þá nutum við þess að hafa með okkur Theodóru Listalín Prastardóttur í miðlun efnis frá ráðstefnunni.

Á Loftslagsfundi Festu og Reykjavíkurborgar tóku fulltrúar frá Ungum umhverfissinum virkan þátt í dagskránni þar sem Egill Ö. Hermannsson, varaformaður, hélt opunarerindi og Rafn Helgason, ritari samtakanna, tók þátt í að taka saman efni fundarins og veita endurgjöf.

Lára Kristín Þorvaldsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir voru fulltrúar Íslands í þeim ungmennasamtökum sem komu að Nordic Circular Summit, í Kaupmannahöfn (sjá umfjöllun framar í skýrslunni). Þær tóku virkan þátt á ráðstefnunni og hefur Festa leitað til þeirra með aðkomu að viðburðum félagsins í kjölfarið.

Festa kynnti hagaðilagreiningu fyrir aðildarfélögum þar sem leitað var til hóps ólíkra ungmenna og þau innt eftir innsýn á sjálfbærni vegferð íslenskra fyrirtækja (sjá nánar framar í skýrslunni).

Félagið naut áfram þeirrar lukku að fá til sín háskólanema sem starfsnema á árinu. Þá var lagður grunnur að því að bjóða háskólanemum til þátttöku í Aðildum fellowship verkefninu árið 2022.



Það er skýr stefna Festu að efla aðkomu ungs fólks að starfi félagsins




[Handwritten signatures and printed names of various companies and individuals, including: Ólafur Jóhannsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jón Þorgerður, etc.]



Aðildarfélög Festu

33 ný aðildarfélög skráðu sig í Festu á árinu 2021

Í árslok 2021 voru 164 aðildarfélög skráð í Festu. 33 ný aðildarfélög sig í Festu á árinu, fimm aðildarfélög skráðu sig úr Festu. Ástæður voru: að eigin ósk (3) eða vegna sameiningar við önnur aðildarfélög (2).



Stofnaðilar Festu

Festa var stofnuð 2011 fyrir framsýni sex fyrirtækja



Árið 2013 var svo opnað fyrir félagsaðild fyrirtækja og stofnana.

Í lok árs 2021 voru aðildarfélögin 164 talsins.

Aðildarfélög Festu 2021 *í lok árs

Advania
Alcoa Fjarðaál
Alta ehf
Andrými ráðgjöf
Arngrimsson Advisors
Ábyrgar lausnir
BBA Fjeldco ehf
Bláa lónið
Brim
Búseti
CCP
Cognitio
CreditInfo
Deloitte
EFLA verkfræðistofa
Eimskip
ELKO
Eskja
Expectus
Eyrir Venture Management
Feel Iceland
Félagsbústaðir
Gagarín
GEMMAQ
Hagar
Hannesarholt
Hárækt ehf /VAXA
Háskólinn í Reykjavík
Hrafnshóll
Icefish
Icelandair Group
Indó
INNEN
iTub
Íslandspóstur
Íslandsspil

Akureyrarbær
Alma
Alvotech
Arion banki
Awarego
Bakkinn Vöruhótel
Blái herinn
BravoEarth
Brú Lífeyrissjóður
BYKO
Coca-Cola European Partner Ísland
Colas Ísland
Dagar
Discover Truenorth
Eik fasteignarfélag
Elkem
Ernst & Young
Eta Carina
Eyrir Invest
Farfuglar
Festi
Lín Design
Garri
Greenhouse fasteignir
Hampiðjan
Happdrætti Háskóla Íslands
Háskóli Íslands
Heimstaden
HS Orka

Icelandair hótel
Inkasso
Isavia
Íslandsbanki
Íslandshótel
Íslandsstofa

Íslensk getsþá
Kerecis
Kontra ráðgjöf
Kosmos & Kaos
KPMG
Kvika banki
Landsnet
Lánasjóður sveitarfélaga
Lífeyrissjóður Verslunarmanna
LMB Mandat slf
Mannvit
Miklatorg/IKEA
Mjólkursamsalan
N1
Nátthrafn
Neyðarlínan
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Orka náttúrunnar
Orkusalan
Perla norðursins
Podium
Rafal
RARIK
Reginn
Resource International
Reykjavíkurborg
Samgöngustofa
Samskip
Samtök iðnaðarins
Sena
Sjóklæðagerðinn/66°Norður
Skeljungur
Sólar
Svarmi
Sýn
Te og kaffi
Toyota á Íslandi
Tryggingamiðstöðin

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Klappir grænar lausnir
Kolibri
Kópavogsbær
Krónan
Landsbankinn
Landsvirkjun
LEX lögmannsstofa
Lífverk Lífeyrissjóður
Logos
Marel
Míla
Múlalundur - vinnustofa SÍBS
NASDAQ OMX Iceland
Netpartar
Norðurál
Olíuverslun Íslands
Orb
Orkuveita Reykjavíkur
Pfaff
PriceWaterhouseCooper
Pure North
RB – Reiknistofa bankanna
Reitir FASEIGNAFÉLAG
Reykjagarður
Rio Tinto á Íslandi - ISAL
Samhentir
Samtök atvinnulífsins
Seðlabanki Íslands
Síminn
Sjóvá
Sorpa
Staðlaráð Íslands
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sölufélag garðyrkjumanna
Terra
Truenorth Nordic

Tryggja
Valitor
Veitur
Veritas Capital
VIRK
Vínbúðin
Votlendissjóður
VSÓ ráðgjöf
Wise lausnir
Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Umhverfisstofnun
Veganmatur/Veganbúðin
Veraldarvinir
Verkís
Vista verkfræðistofa
VÍS
VR
Vörður tryggingar
Yorth group
Össur



Ársreikningur 2021

Rekstrarreikningur 2021

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		39.024.933	34.376.800
Viðburðartekjur		101.087	3.237.890
Styrkir (v. viðburða og verkefna)		5.099.237	2.308.506
Hefjum störf		3.921.124	0
		<u>48.146.381</u>	<u>39.923.196</u>
Rekstrargjöld			
Viðburðarkostnaður		5.146.032	3.326.641
Laun og launatengd gjöld	3	35.100.338	24.889.499
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		5.628.233	4.515.506
Annar rekstrarkostnaður		1.614.486	1.072.271
		<u>47.489.089</u>	<u>33.803.917</u>
Rekstrarhagnaður		657.292	6.119.279
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		99.430	280.597
Vaxtagjöld		(6)	(130.700)
		<u>99.424</u>	<u>149.897</u>
Afkoma ársins		<u>756.716</u>	<u>6.269.176</u>

Efnahagsreikningur 2021

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjármunir			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavinum	4	2.139.500	752.100
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	170.000
Lausafjár safn		12.007.412	0
Handbært fé		5.525.849	17.226.164
		<u>19.672.761</u>	<u>18.148.264</u>
Eignir samtals		<u>19.672.761</u>	<u>18.148.264</u>

Efnahagsreikningur 2021

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Eigið fé	5		
Óráðstafað eigið fé		<u>13.633.251</u>	<u>12.876.535</u>
		<u>13.633.251</u>	<u>12.876.535</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		870.182	860.599
Fyrirfram innheimtir styrkir v. ráðtefni í janúar		1.200.000	1.967.597
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.969.328</u>	<u>2.443.533</u>
		<u>6.039.510</u>	<u>5.271.729</u>
Skuldir samtals		<u>6.039.510</u>	<u>5.271.729</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>19.672.761</u>	<u>18.148.264</u>

Ársskýrsla Festu 2021



Ritstjórn: **Harpa Júlíusdóttir** og **Hrund Gunnsteinsdóttir**
Aðstoð við myndvinnslu og grafík: **Ólöf Edda Ingólfssdóttir** og **Katrín Edda Möller**
Ábyrgð: **Tómas N. Möller**

Myndir frá Janúarráðstefnu 2021: **Valgarð Gíslason**

Myndir frá Loftslagsfundi 2021: **Eggert Jóhannsson**

Myndir frá Samfélagsskýrslu ársins: **hag**

Myndir frá Kapphlaup að kolefnishlutleysi: **Birgir Ísleifur**

Myndir frá Framúrskarandi samfélagsábyrgð: **Óli Már**

Gildi Festu

Heilindi

**Vinum að heilindum í öllu því
sem við tökum okkur fyrir hendur**

Samvinna

**Stuðlum að samvinnu ólíkra aðila
um samfélagsábyrgð og sjálfbærni**

Hvatning

**Hvetjum hvert annað,
erum opin i samskiptum
og miðlum af reynslu**

